

Reglur um mat á fyrra námi í Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild

Samþykkt á deildarráðsfundi 22. Nóvember 2024

Almennt

Nemandi við í Félagsfræði-, mannfræði og þjóðfræðideild sem hefur áður stundað sambærilegt og jafngilt háskólanám getur sótt um mat á fyrra námi. Eingöngu námi sem lokið hefur verið við viðurkennda háskóla fæst metið. Ekki er heimilt að meta námskeið á milli námsstiga.

Nám eldra en 10 ára fæst ekki metið.¹ Miðað er við hvenær námskeiði var lokið. Lokaverkefni til prófgráðu er ekki heimilt að meta. Námskeið sem áður hefur gilt til prófgráðu má mest nýta einu sinni til viðbótar til gráðu.

BA-nám

Nemandi sem hefur lokið stökum námskeiðum í öðrum deildum háskólans eða í öðrum háskólum getur fengið viðurkennd og metin þau námskeið sem að mati viðkomandi námsbrautar eru beinlínis hin sömu eða greinilega sambærileg skyldu- og valnámskeiðum. Námskeið sem nemandi hefur þegar lokið utan námsleiðar og ekki eru beinlínis sambærileg skyldunámskeiðum, en teljast að mati námsbrautar eðlilegur hluti í aðal- eða aukagrein, getur námsbraut viðurkennt og metið til eininga sem valnámskeið. Að hámarki er heimilt að meta 120 einingar.

Mat á fyrra loknu BA námi:

Nemandi sem lýkur 120 eininga námi með 12 eininga lokaritgerð í Félagsfræði-, - mannfræði- og þjóðfræðideild og hefur lokið prófi sem er að minnsta kosti jafngilt BA-prófi getur fengið það nám metið sem ígildi aukagreinar. Slík heimild er ekki veitt nema fyrir liggi fullgilt vottorð um að því prófi sé lokið.

Meistaránám

Nemandi sem hefur lokið stökum námskeiðum í öðrum deildum háskólans eða í öðrum háskólum getur fengið viðurkennd og metin þau námskeið sem að mati viðkomandi námsbrautar eru beinlínis hin sömu eða greinilega sambærileg skyldu- og valnámskeiðum. Námskeið sem nemandi hefur þegar lokið utan námsleiðar og ekki eru beinlínis sambærileg skyldunámskeiðum, en teljast að mati námsbrautar eðlilegur hluti námsins, getur námsbraut viðurkennt og metið til eininga sem valnámskeið. Að hámarki má meta 60 einingar.

Mat á fyrra loknu meistaránámi: Heimilt er að meta að hámarki 10 einingar úr öðru meistaránámi sem lokið hefur verið með gráðu. Námsbraut metur hvort námskeið er metið í stað val- eða skyldunámskeiðs. Aðeins er heimilt að meta heil námskeið úr fyrra námi á móti öðru heilu námskeiði.

Nemendur í meistaránámi sem fá undanþágu námsbrautar til að taka námskeið í grunnnámi sem hluta af meistaránámi verða að ljúka því með lágmarkseinkunnina 7,5 til að fá það viðurkennt inn á námsferilinn.

¹ Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði áskilur sér rétt til að meta eldra nám.

II. Frágangur umsókna

Til að hægt sé að afgreiða umsókn um mat á fyrra háskólanámi þarf umsókn að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Tilgreina skal hvaða námskeið, sem nemandi lauk í fyrra námi sínu, óskað er eftir að fáist metin. Fram komi heiti námskeiða, einingafjöldi(ECTS) og námsstig, þ.e. hvort um grunn- eða framhaldsnám er að ræða.
- Tilgreina skal þau námskeið á námsleiðinni sem nemandi telur fyrra háskólanám sitt jafngilda, eða hvort óskað er eftir að fyrra nám sé metið sem valnámskeið.
- Ef fyrra nám var utan Háskóla Íslands þarf að skila inn stimpluðum og undirrituðum námsferli og námskeiðslýsingum frá viðkomandi háskóla. Stafrænt undirrituð skjöl skal senda á nemfvs@hi.is

Matsaðilar geta kallað eftir frekari upplýsingum ef þörf þykir.

Umsækjendur bera ábyrgð á að allar ofangreindar upplýsingar komi fram í umsókn.

III. Afgreiðsla umsókna

Skrifstofa nemenda- og kennsluþjónustu Félagsvísindasviðs tekur á móti umsóknum.

Hver námsbraut ber ábyrgð á mati á fyrra námi í samstarfi við verkefnisstjóra námsbrautar.

Námskeið sem lokið er innan Háskóla Íslands og fást metin birtast á námsferli með einkunn. Þau námskeið sem metin eru frá öðrum skólum birtast án einkunnar.

Tengiliður námsbrautar á Félagsvísindasviði gengur formlega frá niðurstöðum.

Að afgreiðslu lokinni fær nemandi tilkynningu í tölvupósti á HÍ-netfang um niðurstöðuna.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina í [Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.]